

Nd.

252. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um fiskiskipakaup frá Svíþjóð.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvernig stendur á því, að ekki hafa verið fest kaup á þeim 45 fiskiskipum í Svíþjóð, sem atvinnumálaráðuneytið tilkynnti s. l. vetur, að hægt væri að fá?

Og hvers vegna hefur nefnd sú, er skipuð var samkv. samþykkt Alþingis til að úthluta lánnum eða styrkjum til fiskiskipakaupa, ekki verið kvódd til starfa?

Greinargerð.

Þegar atvinnumálaráðuneytið gerði kunnugt s. l. vetur, að möguleikar væru á að fá keypta allmarga fiskibáta frá Svíþjóð, sýndi það sig strax, að mikill og almennur áhugi var á því meðal fiskimanna um allt land, að kaup þessi gætu komið í kring. Margfalt fleiri umsóknir um bátakaup bárust á stuttum tíma en líkur voru til, að hægt yrði að uppfylla. Alþingi samþykkti að verja nokkru fé til stuðnings nýbyggingu fiskiskipa og setti lög um meðferð fjárins.

Nú eru liðnir 6—7 mánuðir síðan fullvíst var, að hægt væri að fá smíðaða að minnsta kosti 45 fiskibáta í Svíþjóð fyrir hagstætt verð.

Það hefur orðið mönnum talsvert undrunarefni, hve seint og illa virðist ganga með kaup á fiskiskipum þessum.

Enn mun enginn samningur hafa verið gerður við Svía um smíði bátanna, og enn er öllum þeim, sem hugsað hafa sér að eignast þessa báta, algerlega ókunnugt um, hvort kaup þessi muni takast og hvaða verð og kaupskilmálar muni verða, ef kaupin gætu tekizt.

Kaup á nokkrum tugum fiskiskipa eru slíkt stórmál, að ekki má svo lengur ganga, að mánuður eftir mánuð líði, án þess að kaupin séu fest og bygging bátanna hafin, ef þess er nokkur kostur.